

Nafn:

Tími í speglun:

..... kl:

Staðsetning speglunardeilda:

 Fossvogur deild A3 sími: 543 6231 Hringbraut deild 11D sími: 543 6150

Leitaðu upplýsinga í anddyri.

Athygli skal vakin á því aðstarfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni aðeða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferðsjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 LYFLÆKNINGASVIÐ I
 FYRSTA ÚTGÁFA - OKTÓBER 2004
 ÖNNUR ÚTGÁFA - FEBRÚAR 2007

HÖFUNÐAR:
 HAFDÍS ARADÓTTIR OG ELÍN GUNNARSDÓTTIR,
 HIÚKRUNARFRÆÐINGAR

ÁBYRGÐ:
 HERDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN:
 KYNNINGARMÁL LSH/AV


LIÓSMYND:
 LIÓSMYNDAVEFUR MBLIS



5 690939 121904 >

Magaspeglun

Upplýsingarit



Verið velkomin á speglunardeild

Hér fara á eftir upplýsingar um magaspeglun. Við viljum hvetja þig að leita til hjúkrunarfræðinga eða lækna deildarinnar ef einhverjum spurningum er ósvarað eða eitthvað er óljóst.

Oft geta góðar upplýsingar dregið úr kvíða og gert rannsóknina þægilegri. Þú skalt því óhikað leita aðstoðar með fyrirspurnir sem þú kannt að hafa.

Magaspeglun

Magaspeglun er rannsókn á efri hluta meltingarvegar, þ.e.a.s. skoðun á slímhúð í vélinda, maga og skeifugörn.

Þú þarft að fasta frá miðnætti daginn fyrir rannsókn eða í það minnsta 6 klukkustundir.

Vinsamlegast láttu lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með viku fyrirvara ef þú tekur einhver lyf, t.d. járn, blóðþynningarlyf, bólgueyðandi lyf, verkjalyf með aspirini eða insulin.

Einnig er mjög mikilvægt að taka fram ef þú ert með lyfjaofnæmi eða sjúkdóm.

Hvernig fer skoðunin fram?

Þú liggur á vinstri hlið í spegluninni. Ef þú ert með gervitennur þarf að fjarlægja þær á meðan speglun fer fram.

Þú færð staðdeyfingarúða í kokið, sem flestum finnst bragðvondur. Því næst er gefið róandi lyf í æð sem hjálpar þér að slaka á.

Speglunin er gerð með sveigjanlegri slöngu sem auðvelt er að renna niður í maga. Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur og er það sársaukalaust.

Speglunin tekur yfirleitt 5 - 10 mínútur. Ef um stærri inngrip er að ræða, svo sem útvíkkun á vélinda eða annað, tekur rannsóknin lengri tíma.

Speglunin er alveg sársaukalaus en getur verið svolítið óþægileg. Sumir finna fyrir klígju þegar tækinu er rennt niður í maga.

Að skoðun lokinni

Ef þú liggur á sjúkrahúsinu þá ferðu á deildina þína að lokinni speglun. Ef þú kemur að heiman þarftu að dvelja í um það bil 1 klukkustund eftir speglunina, eða eftir þínum þörfum.

Þú mátt ekki aka bíl að speglun lokinni, vegna lyfjanna sem þú færð og æskilegt er að þú fái fylgd heim. Þú mátt borða 1 klukkustund eftir speglunina eða þegar áhrif staðdeyfingarúðans eru horfin úr kokinu.

Niðurstöður speglunarinnar og frekari leiðbeiningar færðu hjá læknum áður en þú ferð af deildinni. Alltaf þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðum vefjasýna.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.